

Þessar myndir af nokkrum listaverka Asgeirs Bjarnþórssonar tók Tryggvi, ljósmyndari Tímans. Ekki vitum við nöfnin, sem listamaðurinn hefur gefið þessum verkum sínum og fyrst sú vitneskja er ekki fyrir hendi er best að birta myndirnar eins og þær koma fyrir, svo að lesendur geti spreytt sig á að láta sér detta í hug, hvaða nafn færi best á hverri og einni. — Hitt þarf ekki að segja neinum, að auðvitað eru myndirnar ekki nema svipur hjá sjón, svona í svart-hvítu, þegar þær hafa verið sviptar litadýrð sinni.

Róm er enn höfuðborg Vesturlanda

— Þú hefur minnst hér á ferðalög þín og sýningar á erlendri grund, Asgeir. Dvaldist þú lengi í útlöndum?
 — Ég kom fyrst til Kaupmannahafnar tvitugur að aldri og eftir það var ég að mestu utan lands þangað til ég var þrjátíu og tveggja ára gamall. Í Róm hef ég verið þrisvar og talsvert lengi í öll skiptin. Og eftir þau kynni hika ég ekki við að segja: Róm er höfuðborg Vesturlanda enn þann dag í dag. Þegar ég kom fyrst til Ítalíu, hélt ég að alúðlegt viðmót fólksins þar væri tillært — uppgærd. En þegar ég kynntist Ítölum betur, komst ég að raun um að þessi ályktun mín var alröng. Ítalska þjóðin er svona elskuleg af því

að hún er hámenntuð og hefur tamið sér fágada umgengni, kynslóð eftir kynslóð. Já, það er mikill munur á Ítölum og löndum vorum, Íslendingum!
 — Þú segir það. Hvað er til marks um að Íslendingar standi Ítölum svo langt að baki?
 — Hér í Reykjavík er ég alltaf síhræddur við umferðina. En í Róm var ég það aldrei, þótt íbúatalan þar sé margföld á við íbúatölu Reykjavíkur. Og svo er annað: Róm er stórborg með rösklega hálfu þriðju milljón manna, en þó stendur hún á miklu minna landsvæði en Reykjavík. Húsin þar eru flest jafnhá átta hæða hús og borgin er mjög vel skipulögð. Þau skipti sem ég dvaldist í Róm, tók ég afar sjaldan leigubíl vegna þess að þar er svo margar fallegar byggingar og gaml-

ar rústir að sjá, að ég tindi blátt áfram ekki að ferðast í bíl í stað þess að ganga og virða þetta allt fyrir mér.

Ahugamaður um náttúrufræði, einkum jarðfræði

— Kannski við snúum þá huganum frá Róm og hverfum hingað heim til Íslands. Hvar á okkar kæra landi hefur þér þótt best að mála?
 — Ég á erfitt með að svara því vegna þess að það er alls staðar fallegt á Íslandi. Ég hef málað mikið við Laxfoss í Norðurá, enda er ég forfallinn laxveiðimaður! Ég hef líka oft verið inni á fjöllum við að mála, þar sem ég hef ekki getað veitt ofan í mig, en aftur á móti hef ég ekki

verið mikið við sjávarstöðuna.
 — Eigum við ekki að minnst ofurlítið meira á laxveiðar, fyrst þær hafa borist í tal?
 — Jú, því ekki það. Ég lærði ungur að veiða silung og veiddi á makk. Seinna lærði ég að veiða á flugu, og hef ekki veitt á annað síðan.
 — Og þér finnst gaman að veiða á stöng?
 — Já, feiknalega gaman, — á meðan lappirnar á mér þöndu að ég stæði langtímum saman við veiðarnar.
 — Varstu fengsæll veiðimaður?
 — Já, mér gekk oftast heldur vel.
 — Hvar þótti þér skemmtilegast að veiða?
 — Í Norðurá, — langskemmtilegast. Ég hef að visu ekki veitt í mjög mörgum ám, en þó all-

nokkrum og Norðurá ber af þeim öllum.
 — Er ekki fleira í sambandi við útiveru sem hefur heillað þig?
 — Ég var strax á barnsaldri ákaflega hrifinn af náttúrufræði og alveg sérstaklega jarðfræði. Þessi áhugi hefur síðan fylgt mér alla ævi og aldrei við mig skilið. Ég hef reynt að fylgjast með á þessu sviði og reyni það enn þann dag í dag, þótt það fari af eðlilegum ástæðum minnkandi, því ég fer svo lítið og kemst í rauninni ekki neitt, þessi síðustu misseri. Það er meira en að ég sé lélegur til gangs, ég get eiginlega ekki gengið neitt.
 — En þú málar samt alltaf?
 — Já, aðeins. Þá sit ég í hjólastól og ek honum að og frá mál-Framhald á bls 33.

SENDUM LITMYNDA-LISTA EF ÓSKAÐ ER

INGVAR OG GYLFI SF.


GRENSÁSVEGI 3 SÍMI 81144.



ÖSK NR. 21.
Verð m/dýnum kr. 118.000.
Náttborð kr. 31.300.00 stk.




REKKJAN NR. 23.
Verð m/dýnum kr. 317.000.



FURA NR. 27.
Verð m/dýnum og náttborðum kr. 348.000.




ANTI K NR. 28.
Verð m/dýnum og náttborðum kr. 366.500.



VENUS NR. 29.
Verð m/dýnum og náttborðum kr. 324.000.



ÁSTARKÚLA
m/litajónvarpi, myndsegulbandi, útvarpi, segulbandi og ísskáp. Verð kr. 5.400.000.



REKKJAN NR 23 W
Verð m/dýnum, kólli og spegill kr. 463.500.




HJONASÆLAN NR 26
Verð m/dýnum kr. 336.600.




REKKJAN NR 23 P
Verð m/dýnum kr. 369.000.




NÓTT NR 24
Verð m/dýnum kr. 239.000.




VERONA
m/útvarpakkukku og dýnum. Verð kr. 478.000.




TROGIÐ
m/náttborðum og dýnum. Verð 284.000.



ROSY
m/anyrtíborði, sjónvarpi og útvarpi. Verð kr. 796.000.



ANTI K HVIT
m/dýnum og náttborði. Verð 378.000.



HREIÐRÍÐ
m/dýnum. Verð kr. 167.000.

Kaupið rúmin af framleiðanda — Það tryggir lægra verð.